



Áætlun um innra mat

fimm ára áætlun 2015-2020

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Matið skal vera tengt markmiðum skólans og aðferðir skulu taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Gagnaöflun innra mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla byggir m.a. á þátttöku skólans í Skólapúlsinum. Úrtak nemenda í 6.-10.bekk taka fjórum sinnum á vetri þátt í könnunum Skólapúlsins. Í kjölfar kannana berast stjórnendum upplýsingar um 19 matsþætti tengda virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar berast skólanum í byrjun apríl.

Foreldrakönnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Könnuninni svara 120 foreldra líkindaúrtak.

Aðrir þættir sem lagðir eru til grundvallar mati á skólastarfi í Egilsstaðaskóla eru eineltiskönnun á vegum Olweusarverkefnisins sem lögð er fyrir alla nemendur skólans frá 4.-10.bekk í nóvember. Þar að auki eru foreldrafundir og rýnifundir með nemendum og foreldrum. Að öðru leyti mótast aðferðir við innra mat af því viðfangsefni sem verið er að meta.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matsskýrslu sem gefin er út hvert vor. Þær eru kynntar í skólaráði, fræðslunefnd, foreldrum, nemendum og starfsmönnum. Það er gert með eftirfarandi hætti. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í fræðslunefnd og skólaráði og fylgt eftir með kynningu á fundum þessara ráða. Foreldrum eru kynntar helstu niðurstöður í fréttabréfi auk þess sem hluti af niðurstöðum eru einnig kynntar á heimasíðu skólans. Nemendum í 6.-10.bekk eru kynntir helstu þættir með stuttum kynningum í bekk. Starfsmönnum eru kynntar helstu niðurstöður á starfmannafundum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig matsáætlun, úrbótaáætlun og upplýsingar um matshóp skólans.

Hér fyrir neðan eru viðfangsefni mats á skólastarfi í Egilsstaðaskóla og hvaða viðfangsefni eru í brennidepli á hverju skólaári.

	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Skólanámskrá t.d. Stefna, markmið, inntak náms og námsmat					
Starfsáætlun, t.d. Skipulag, verkferlar og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur					
Nemendur t.d. Líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					
Kennsla - Kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska					
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf					
Stjórnun					
Viðmót og menning skóla					
Aðbúnaður, vinnuaðstaða					
Samstarf heimili og skóla					
Ytri tengsl t.d. Við önnur skólastig og nærsamfélagið					
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf					
Ráðstöfun auðlinda s.s. búnaðar, mannauðs og umhverfis					